

8. desember 2016

## Skólaráðsfundur

**Mætt:** Guðbjörg, Hafdís, Guðmundur Bender, Jón Þór, Lexi, Margrét Gróa, Þórhildur og Þóranna.

1. Farið yfir niðurstöður samræmdra prófa 4.og 7.bekk. Rætt um niðurstöður Pisa, hvað eru Finnar að gera annað en við? Er skólakerfið okkar að leggja áherslu á aðra hluti.
2. Nemandi fór yfir hvernig hann uplifir skólastarfið. Ræðir um að honum líður oftast vel en ýmislegt má bæta. Hann vildi sjá tölvumálin mætti bæta. Tölvur virka oft ekki og eru orðnar þreyttar. Hann ræðir að krakkar séu almennt ánægðir og að félagslífið sé mjög gott. Spurt var um hvernig væri með símamál. Nemandinn ræddi um að þeir væru að trufla,nemendur mættu ekki að nota símann í tíma nema með leyfi. Símararnir eru truflandi og nemendur eiga erfitt með að nýta tækin eins og starfsfólkið vildi helst. Lexi ræddi um skrammlara til að trufla þessar tíðnir og vefnet.
3. Skóladagatal fyrir árið 2017-2018 var kynnt. Skóladagatalið er samþykkt af fundargestum.
4. Farið var yfir breytingu á skóladagatali 2016-2017 en færa þarf starfsdaginn 2.maí yfir á 28. apríl 2016. Hún var samþykkt á fundinum.
5. Viðhald skólans. Skólinn fékk 37 milljónir fyrir árið 2017. Þriggja ára plan. Og svo fjármagn áfram. Fyrir utan almennt viðhald en þar eru komið þriggja ára plan. Guðbjörg talar um að henni finnist vanta að taka þurfi salerni í gegn.
6. Önnur mál. Jón fór yfir að mikilvægt sé að skólaráð skoði sérstaklega niðurstöður PISA og samræmdra prófa. Hann leggur til að boðað verði fundur sem fyrst um þessi mál til að ræða þetta.

Fundi slitið

Þóranna Rósa Ólafsdóttir